

Tilmæli 19/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1718/præsídiet
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit um þingmannatillögu um aukið norrænt samstarf í Norður-Ameríku

Aukið norrænt samstarf í Norður-Ameríku

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 31. október 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að láta fara fram greiningu á hvernig ríkisstjórnir Norðurlandanna og Norræna ráðherranefndin geti í auknum mæli nýtt þau gríðarlegu tækifæri sem felast í að jafn margir íbúar Norður-Ameríku og raun ber vitni finni til tengsla við Norðurlönd. Yrði meðal annars litið til atvinnulífs, ferðamennsku og menningarmála auk samstarfs um menntamál og rannsóknir;

að hún fjalli um Nordic Branding (Norrænt vörumerki) og sameiginlegar kynningar í ofanefndri greiningu og meti hvaða möguleikar búi í auknu og markvissu samstarfi sendiskrifstofa norrænu ríkjanna bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Einnig ber að meta tækifærin í hinum ýmsu félögum, stofnunum og áætlunum sem á ýmsan hátt beinast að samstarfinu og tengslunum milli Norður-Ameríku og norrænu landanna.

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs